

# ERINDISBRÉF LANDBÚNAÐARRÁÐS.

## Stjórnskipulega staða.

Landbúnaðarráð heyrir undir sveitarstjórn. Landbúnaðarráð sér um verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, yfirstjórn fjallskilamála, búfjáreftilit, refa- og minkaeyðingu, búfjargirðingar og málefni jarða í eigu sveitarfélagsins. Landbúnaðarráð sér einnig um gerð tillagna um viðhald og endurbætur á styrkvegum í sveitarfélaginu  
Sveitarstjóri starfar með ráðinu.

## Skipan ráðsins.

Í Landbúnaðarráði eiga sæti fimm fulltrúar, sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa sveitarstjórnar á sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Landbúnaðarráð kys formann, varaformann og ritara ráðsins á fyrsta fundi sínum, nema að sveitarstjórn ákveði annað.

## Hlutverk.

Hlutverk landbúnaðarráðs er:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í landbúnaðarmálum, þ.e. um gróðurverndarmál, fjallskil, búfjargirðingar, búfjáreftilit, málefni jarða í eigu sveitarfélagsins, refa- og minkaeyðingu og um uppbyggingu og viðhald styrkvega.
- að hafa eftirlit með því að stefna sveitarstjórnar á hverjum tíma í þessum málaflokkum sé haldin.
- að hafa eftirlit með aðilum, sem vinna að landbúnaðarmálum, og fylgjast með því að þeir vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og veiti góða þjónsutu.
- að taka til umfjöllunar og afgreiðslu tillögur fjallskiladeilda og starfsmanna til gerðar fjárhagsáætlunar um þá málaflokka er falla undir verksvið ráðsins. Landbúnaðarráð hefur jafnframt eftirlit með því að fjárhagsáætlun sé haldin.
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í landbúnaðarmálum.

## Starfshættir.

Um starfshætti nefnda og ráða er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra og skal þeim fylgt eftir þar sem við á.

Landbúnaðarráð kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Ráðið skal halda gerðarbók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Landbúnaðarráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu, og skal það þá gert í samræmi við 31. gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Fundargerðum kemur formaður ráðsins strax að fundi loknum til skrifstofu sveitarfélagsins, þar sem endanleg ritvinnsla fer fram og sér starfsfólk skrifstofu um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Aðal- og varamenn ráðsins fá sent afrit af fundargerðinni.

Sveitarstjóri sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund.

Formaður Landbúnaðarráðs stýrir fundum ráðsins skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

### **Eftirfylgni.**

Formaður landbúnaðarráðs og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykta ráðsins.

### **Réttindi og skyldur nefndarmanna.**

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Nefndarmanni er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til sveitarstjóra a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í landbúnaðarráði.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og eiga að fara leynt skv. eðli máls, lögum eða samþykktum 2/3 hluta nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal kynna sér vandlega lagareglur um vanhæfi. Nefndarmanni sem veit vanhæfi sitt orka tvímælis, ber vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

### **Lög og reglugerðir.**

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyra. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra eins og hún er hverju sinni.

Staðfest af sveitarstjórn Húnaþings vestra 18. janúar 2007